



Félag háskólakennara


Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH) Starfsreglur stjórnar*

1. Stjórn sjóðsins er heimilt að móta starfsreglur samkvæmt bókun 4 í kjarasamningi félagsins annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, dags. 16. nóvember 2015. Við mótun þeirra skal tekið mið af annars vegar markmiðum SFH eins og þau koma fram í 1. mgr. 3. gr. samþykktu sjóðsins og hins vegar þeirri reynslu sem verður til við rekstur sjóðsins.
 2. Stjórnin skal ákvarða verkaskiptingu milli hennar og framkvæmdastjóra sjóðsins. Í því felst m.a. að skilgreina með hvaða hætti framkvæmdastjóra er ætlað að miðla upplýsingum um daglega framkvæmd og rekstur til stjórnar og hvaða heimildir hann hefur til að skuldbinda sjóðinn.
 3. Stjórn skal ákvarða með hvaða hætti tekjur sjóðsins skulu ávaxtaðar.
 4. Stjórn skal ákveða þóknun til stjórnarmanna.
 5. Stjórnin skal samþykkja fjárhags- og starfsáætlun, sem tilgreinir áherslur næsta árs eigi síðar en 1. desember ár hvert.
 6. Við framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar skal stjórn taka afstöðu hverju sinni til þeirra hlutfalla sem skulu ráða við ráðstöfun tekna sjóðsins gagnvart þeim sem rétt eiga til styrkumsókna, en þeir eru:
 - i. Félagsmenn Félags háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana.
 - ii. Háskóli Íslands, Landsbókasafn Íslands –háskólabókasafn, Raunvísindastofnun Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.
- Stjórninni er heimilt að setja allt að 50% vikið á þau hlutföll sem ákveðin eru hverju sinni.
7. Stjórn skal fara yfir fjárhags- og starfsáætlunina reglulega og taka afstöðu til þess hvort halda skuli vikið óbreyttum eða hvort nýta skuli þau og þá hvernig þeim verði breytt.
 8. Stjórnin skal setja fram og kynna opinberlega þau viðmið sem beita skal við mat á umsóknum og með hvaða hætti setja skuli fram umsóknir um styrk frá SFH.
 9. Stjórn fundar reglulega og heldur fundargerðarbók þar sem skráðar eru samþykktir hennar. Greidd er þóknun fyrir stjórnarsetu.

Reykjavík, 4. desember 2017






sigr. Björnsson

* Þessar reglur voru upphaflega samþykktar 29. september 2016. Hinn 4. desember 2017 var 6., 7. og 9. gr. breytt í núverandi horf.